

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 29. maí 2024  
Mál nr. 2405034 U.V.H.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir), mál nr. 1114/2024.

Á 1214. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 22.5.2024 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir) tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Um er að ræða frumvarp í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru á dögnum. Í frumvarpinu er ríkissjóði veitt heimild til að veita fé í Jöfnunarsjóð vegna niðurgreiðslu gjaldfrjálsra skólamáltíða frá og með hausti 2024. Ekki þykir ástæða til umsagnar um frumvarpið. Hins vegar vill byggðarráð leggja áherslu á að útfærsla Jöfnunarsjóðs á greiðslum til sveitarfélaga verði unnin í nánú samráði við þau og að tillit verði tekið til mismunandi aðstæðna sveitarfélaga til dæmis við kaup á hráefni til framleiðslu máltíðanna, flutningskostnaðar o.s.frv.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

  


Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri

*Afrit: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*